

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Straumhelli 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. september 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Straumhelli 10. Breytingin felur í sér að innkeyrsla á lóðina við Straumhelli 10 er færð um 22 m til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Sléttuhlíð vegna lóðar að Sléttuhlíð B0.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. september 2024 breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Sléttuhlíð vegna lóðar að Sléttuhlíð B0.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar stækkar að hluta til í norðvestur en heildarstærð lóðarinnar mun vera sú sama.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 25. september 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.